Fundargerð	**Menntaskólinn við Hamrahlíð**	
Útgáfa: 1.0		
Dags.: 18.11.2019		
Höfundur: SJ	**Fundargerð**	
Samþykkt: SJ		
Síða 1-		

Tegund fundar: Skólanefndarfundur

Fundarritari: Guðmundur Arnlaugsson

Dagsetning: 28.10.2026

Fundarstjóri: Helga Jóhannsdóttir

Tími: kl. 16:30 – 17:30

Mætt: **Fundinn sátu:** Signý Marta Böðvarsdóttir, Halldóra Björt Ewen, Þorvaldur Daníelsson, Sunna Mjöll Sverrisdóttir, Katrín M. Guðjónsdóttir og Halldór Gauti Tryggvason forseti NFMH,

Tilefni: Reglulegur fundur skólanefndar

Forföll Boðuð: Ásta Guðrún Helgadóttir boðaði Diljá sem sinn varamann en Jóna Diljá forfallaðist á síðustu stundu. Arnór boðaði forföll á síðustu stundu.

Fundarefni :

1. Helga kynnir verklag skólans í EKKO-málum og hvernig við reynum að kynna mögulega aðstoð við nemendur fyrir þeim. Anna Margrét félagsmálafulltrúi, Ásdís áfangastjóri, Hafdís náms- og starfsráðgjafi, Sveina jafnréttisfulltrúi, Inga Guðrún deildastjóri á fjölnámsbraut og Helga sóttu ráðstefnu á vegum Netvís í dag um hatursorðræðu. Þar mynduðu MH-ingar tengsl sem gætu leitt til samstarfs um slík mál á Lagningardögum og jafnvel að MH yrði „pilot skóli“ í kynningu á efni fraá þeim.
2. Óboðnir gestir og viðbrögð skólans við þeim. Það virðist vera færast í aukana að ungmenni sem eru ekki í skólanum sæki hingað inn. Þorvaldur spyr hvort skólinn hafi verið að íhuga gæslu í skólanum, en svarið er nei, það er ekki talin þörf á því hér. Nefnir að oft séu „gestir“ í skólum sölumenn. Verið að vinna í því að fækka inngöngum og fylgjast betur með gestakomum.
3. Þá var farið yfir afmælishátíð skólans í september, kostnað og gefna vinnu. – Sunna Mjöll bað um að fært yrði til bókar að afmælishátíðin hafi farið fram úr öllum væntingum og verið stórkostleg.
4. Helga fer yfir nýtt fyrirkomlag ráðuneytisins um námskrárgrunna, sem tengist væntanlegum nemendagrunni og tengist nú þegar nýjum umsóknarvef, sem fór í loftið vorið 2025. Opna brautin í MH fékk hrós frá ráðuneytinu fyrir gott skipulag og krefjandi nám. Nokkrar spurningar hafa vaknað um stöðu listmenntabrautar, hvort hún teljist bóknámsbraut eða ekki.
5. Fjármálin. Sértæk aðhaldskrafa á skólann, 47 milljónir, tengist því að það eigi að fækka ríkisstarfsmönnum almennt. Signý og Helga hafa gert athugasemd um að þetta sé óraunhæf krafa í ljósi þess að nemendafjöldi í skólum hafi aukist og þá er ekki hægt að fækka starfsfólki. Skólameistarar taka undir þessa gagnrýni. Þetta er ósanngjörn krafa, sérstaklega í ljósi þess að skólinn fái ekki fjármagn í samræmi við nemendafjölda. Fundurinn bókar:
    a. Skólanefnd lýsir yfir fullu trausti á fjármálastjórn skólans. Ráðist hefur verið í margar hagræðingaraðgerðir og skorið hefur verið inn að beini á síðustu árum. Nefndin lítur á hagræðingarkröfu ráðuneytisins með öllu óframkvæmanlega án þess að til komi að vísi þurfi nemendum frá skólanum.
6. Jákvæð umræðuefni í lokin. Halldóra segir MH-inga dagsins upp til hópa frábæra og námsfúsa. Halldór forseti NFMH segir frá því hvað sé á döfinni í félagslífi nemenda. MH-Kvennó vikan í næstu viku, söngleikur vorannar verður tilkynntur á morgun, og loks nefnir hann niðurstöður úr listaverki/könnun Illuga Vilhelmssonar, nýútskrifaðs MH-inga, þar sem fram kom að að 98% svöruðu að þeim hafi liðið vel og verið afar ánægð í MH.

Fundi slitið kl. 17:42.

Veitingar : Vínarbrauð, appelsínusneiðar og vínber.

___

Meðlimir í skólanefnd:

Án tilnefningar:
Aðalmenn án tilnefningar:

- Arnór Heiðar Benónýsson, 070597-2259, arnorben@gmail.com
- Ásta Guðrún Helgadóttir, kt. 050290-2129, asta@helgadottir.is
- Sunna Mjöll Sverrisdóttir, kt. 131292-2609, sunnasv@gmail.com

Varamenn án tilnefningar:

- Jóhann Pétur Jóhannsson, kt. 111194-2549, johannpjohanns@gmail.com
- Jóna Diljá Jóhannsdóttir, kt. 231195-2629, jdiljajohanns@gmail.com

Tilnefning Reykjavíkurborgar:
Aðalmenn samkvæmt tilnefningu Reykjavíkurborgar:

- Katrín M. Guðjónsdóttir, kt. 160274-5149, katrin@manino.is
- Þorvaldur Daníelsson, kt. 241170-4979, thorvaldur.danielsson@reykjavik.is

Varamenn samkvæmt tilnefningu Reykjavíkurborgar:

- Olga Margrét Kristínardóttir, kt. 280286-2229, olgamargret@gmail.com
- Stefán Pálsson, kt. 080475-3659, stefan.palsson@reykjavik.is

5. gr. *Skólanefndir.*
☐Ráðherra skipar skólanefnd við framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Í skólanefnd skulu sitja fimm einstaklingar. Tveir eru skipaðir samkvæmt tilnefningum sveitarstjórna og þrír án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Nefndin kýs sér formann til eins árs í senn. Áheyrnarfulltrúar eru þrír með málfrelsi og tillögurétt, einn tilnefndur af kennarafundi, einn af nemendafélagi skólans og einn af foreldraráði, til eins árs í senn. Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt. Hann er framkvæmdastjóri nefndarinnar.
☐Hlutverk skólanefndar er að:
a. marka áherslur í starfi skólans og stuðla að sem bestri þjónustu við íbúa á starfssvæði skólans og tengslum hans við atvinnu-, félags- og menningarlíf,
b. vera skólameistara til samráðs um námsframboð skóla,
c. staðfesta skólanámskrá að fenginni umsögn almenns skólafundar og fylgjast með framkvæmd hennar,
d. veita skólameistara umsögn um árlega starfs- og fjárhagsáætlun í samræmi við niðurstöður fjárlaga og fylgjast með framkvæmd hennar,
e. vera skólameistara til samráðs um fjárhæð þeirra gjalda sem skólameistari ákveður skv. 45. gr.,
f. vera skólameistara til samráðs um samninga sem viðkomandi skóli gerir,
g. vera skólameistara til samráðs um starfsmannamál,
h. veita ráðherra umsögn um umsækjendur um stöðu skólameistara.

—